

Forsætisráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir

Forsætisráðuneytinu v/Lækjargötu

Reykjavík, 13. febrúar 2009.

Efni: Ósk um upplýsingar vegna samskipta við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

Undirritaður fer þess hér með á leit við forsætisráðuneytið að það veiti upplýsingar um samskipti sín við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands (þingskjal 506) sem nú er til meðferðar í viðskiptanefnd Alþingis. Treglega hefur gengið á vettvangi viðskiptanefndar að fá fram allar upplýsingar um þessi samskipti og að einhverju leyti virðast fullyrðingar í málinu stangast á. Tel ég því óhjákvæmilegt að snúa mér beint til ráðuneytisins og óska eftir þessum upplýsingum á grundvelli upplýsingalaga nr. 50/1996.

Þær upplýsingar og gögn sem ég óska eftir eru eftirfarandi:

1. Yfirlit yfir öll samskipti forsætisráðuneytisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem tengjast Seðlabankafrumvarpinu frá og með 4. febrúar til dagsins í dag. Átt er við öll símtöl, fundi og skrifleg samskipti sem varða þetta mál.
2. Afrit af öllum skráningum hjá forsætisráðuneytinu sem varða samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á þessu tímabili og tengjast þessu máli. Þar er átt við dagbókarfærslur, skráningu í málaskrá og fundargerðir, eftir því sem við á.
3. Afrit af öllum bréfum, tölvubréfum, skeytum eða öðrum skriflegum gögnum, formlegum eða óformlegum, sem gengið hafa á milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og forsætisráðuneytisins frá og með 4. febrúar til dagsins í dag og varða Seðlabankafrumvarpið.

Það er mat mitt að skylda forsætisráðuneytisins til að afhenda þess gögn sé ótvíræð og vísa ég í því sambandi til 3. gr. laga nr. 50/1996. Tel ég að undanþáguákvæði 4. – 6. gr. laganna eigi ekki við og vísa ég þar sérstaklega til 2. tl. 6. gr. Þar er að finna undanþágu frá upplýsingaskyldu stjórnvalda vegna samskipta við önnur ríki eða alþjóðastofnanir en jafnframt kemur fram í greininni að einungis sé heimilt að takmarka aðgang að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast. Því verður ekki með neinu móti haldið fram, að mikilvægir almannahagsmunir krefjist þess að leynd sé haldið yfir „tæknilegum athugasemdum“ við lagafrumvarp sem komið er til meðferðar á Alþingi. Þvert á móti er rík ástæða til að ætla, að almannahagsmunir krefjist þess að slíkar upplýsingar séu opinberar. Einnig er minnt á að í athugasemdum við 3. gr. frumvarps til upplýsingalaga er skýrt tekið fram að stjórnvald geti ekki heitið þeim trúnaði sem gefur upplýsingar. Slíkt verði ekki gert nema að ótvírætt sé að upplýsingarnar falli undir eitthvert af framangreindum undanþáguákvæðum.

Í ljósi þess að Seðlabankafrumvarpið er nú til meðferðar hjá viðskiptanefnd Alþingis og mikil áhersla er lögð á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að málinu sé hraðað vænti ég þess að ekki verði um að ræða neinar tafir á svörum og framlagningu gagna af hálfu ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,



Birgir Ármannsson.



Birgir Ármannsson, alþingismaður
Alþingi
150 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Reykjavík 16. febrúar 2009
Tilv.: FOR09020100/1.6.5

Efni: Upplýsingar um samskipti forsætisráðuneytisins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sbr. fyrirspurn Birgis Ármannssonar til forsætisráðherra, dags. 13. febrúar 2009.

Eftir að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands hafði verið dreift á Alþingi í sl. viku var þýdd útgáfa frumvarpsins send Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til upplýsingar. Var það gert í samræmi við vinnubrögð og alþjóðlegar hefðir í samskiptum stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar unnið er á grundvelli sameiginlegrar efnahagsáætlunar. Í framhaldi af því fékk ráðuneytið sendar nokkrar tæknilegar ábendingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í tölvupósti. Var skýrlega tekið fram í tölvubréfinu að trúnaðar væri krafist um ábendingarnar og að þær væru ekki ætlað til opinberrar birtingar. Í ljósi umfjöllunar um ábendingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Alþingi óskaði forsætisráðuneytið eftir því að trúnaði yrði aflétt af umræddu tölvubréfi. Sendi sjóðurinn af því tilefni frá sér svohljóðandi yfirlýsingu:

"The IMF did not send a letter to the Government in connection to proposed changes to the governance of the Central Bank of Iceland (CBI). At the request of the authorities, the IMF last week provided a brief and preliminary technical assessment of the proposed changes to the CBI Act, based on international best practices. Given its multilateral expertise, the IMF is frequently approached by member countries to advise on central bank legislation."

Umtalsverðir almannahagsmunir geta verið fölgirnir í því, ekki síst við núverandi aðstæður, að stjórnvöld geti átt í trúnaðarsamskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Óski sjóðurinn sérstaklega eftir trúnaði um tiltekna upplýsingar telur forsætisráðuneytið brýnt að verða við því enda heimili upplýsingalög slíkt, sbr. 2. tölul. 6. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, þar sem stjórnvöldum er veitt heimilt til að takmarka aðgang almennings að gögnum sem varða samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir og telst Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þeirra á meðal. Hefur verið litið svo á að upplýsingarétti þingmanna séu svipaðar skorður settar og upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum enda verða upplýsingar sem veittar eru Alþingi jafnan aðgengilegar öllum. Það er þó jafnframt skýr afstaða forsætisráðuneytisins að ekki skuli gengið lengra í því að takmarka aðgang að upplýsingum en nauðsynlegt er og á það sérstaklega við þegar um er að ræða upplýsingar sem geta haft þýðingu við meðferð lagafrumvarpa á Alþingi. Í því ljósi óskaði ráðuneytið eftir því að trúnaði yrði aflétt af umræddum upplýsingum. Að beiðni ráðuneytisins hefur það nú verið gert með þeim hætti að sjóðurinn hefur veitt formlega umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, þskj. 506, 208. mál, sem forsætisráðuneytið sendi þegar til viðskiptanefndar Alþingis. Í tilefni af ósk yðar um upplýsingar um samskipti forsætisráðuneytisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands, þskj. 506, 208. mál,

sendir ráðuneytið hér með afrit af tölvupóstum sem varða framangreind samskipti, sjá hjál. afrit af tölvupóstum dags. 5., 7., 9. og 12. febrúar sl. Jafnframt upplýsir ráðuneytið að þrjú símtöl hafa átt sér stað frá forsætisráðuneytinu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í tengslum við umsögn sjóðsins um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, þskj. 506, 208. mál.:

Fimmtudaginn 5. febrúar sl. átti settur skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu forsætisráðuneytisins, símasamtal við Mark Joseph Flanagan, yfirmann hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þar sem þeir ræddu hvort forsætisráðuneytið óskaði eftir umsögn sjóðsins um fyrirliggjandi enska þýðingu á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Niðurstaða þess símtals var að sjóðurinn sendi ábendingar (“comments”) um frumvarpið, sjá þessu til frekari staðfestingar tölvupóst frá Mark Joseph Flanagan til Björns Rúnars Guðmundssonar, dags. 7. febrúar sl.

Mánudaginn 9. febrúar sl. hringdi ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu í Mark Joseph Flanagan og óskaði eftir því að trúnaði yrði aflétt af ábendingum sem hann hafði sent ráðuneytinu með tölvupósti 7. febrúar sl. Flanagan taldi ekki unnt að verða við því en bauðst til að kanna frekar með viðræðum við aðra sérfræðinga og yfirmenn innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hvernig bregðast mætti við þeirri ósk sem fram væri komin.


Mánudaginn 9. febrúar sl. hringdi Mark Joseph Flanagan í ráðuneytisstjóran í forsætisráðuneytinu og tjáði honum að strangar reglur um framsetningu ábendinga og umsagna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kæmu því miður í veg fyrir að sjóðurinn gæti aflétt trúnaði af þeim ábendingum sem sendar hefðu verið ráðuneytinu í tölvupósti 7. febrúar sl. Flanagan upplýsti jafnframt að þegar yrði hafin vinna við frágang formlegrar umsagnar innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem yrði send forsætisráðuneytinu og gerð opinber. Ráðuneytisstjóri lagði áherslu á að þeirri vinnu yrði hraðað svo sem kostur væri.

Loks upplýsir ráðuneytið að tveir fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Poul Mathias Thomsen, og Mark Joseph Flanagan, komu til fundar í forsætisráðuneytinu miðvikudaginn 11. febrúar sl. þar sem þeim var m.a. gerð grein fyrir óskum um að trúnaði yrði aflétt af ábendingum sjóðsins vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Þeir visuðu enn á ný til almennra reglna um trúnað og upplýstu á þeim fundi að verið væri að vinna að formlegri umsögn sjóðsins sem send yrðu forsætisráðuneytinu þegar hún yrði tilbúin og að hún yrði jafnframt opinber og ekki bundin trúnaði.

Ráðuneytið bendir loks á kæruehimild 14. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 að því er varðar þær ábendingar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sendi í viðhengi í tölvupósti dags. 7. febrúar sl., en þær ábendingar eru ekki sendar fyrirspyrjanda í svari þessu.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Arnjótsdóttir


Björn Rúnar Guðmundsson

Fylgiskj.:

Tölvupóstur Björns Rúnars Guðmundssonar, dags. 05.02.2009
Tölvupóstur Mark Joseph Flanagan, dags. 07.02.2009
Tölvupóstur Mark Joseph Flanagan, dags. 09.02.2009
Tölvupóstur Mark Joseph Flanagan, dags. 12.02.2009



Björn Rúnar
Guðmundsson/FOR/NotesS
TJR
05.02.2009 17:48

To mflanagan@imf.org
cc
bcc
Subject Central Bank Bill of Law

Björn Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri / Director General
Forsætisráðuneytinu / Prime Minister's Office
Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
Iceland

www.raduneyti.is / www.government.is

bjorn.r.gudmundsson@for.stjr.is

Sími / tel. + 354 545 84 00

Fax + 354 562 40 14

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: <http://raduneyti.is/Auglysingar/nr/65>

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. Further information: <http://raduneyti.is/Auglysingar/nr/65>



- Central Bank Bill of Law.doc



Comments on the Draft Amendments to the CBI Act
Málsnúmer: FOR09020015
Búið til: 07.02.2009
Eigandi skjals: Björn Rúnar Guðmundsson

Tölvupóstur		Bréfalyklar:
Efni:	Comments on the Draft Amendments to the CBI Act	Tilkynningar:
Efnisflokkur skjals:	Almennt	
Búið til:	07.02.2009	
Dagsetning skjals:	07.02.2009	
Sendandi		
	Netfang: "Flanagan, Mark Joseph" <MFLANAGAN@imf.org>	

Texti:

Frá: "Flanagan, Mark Joseph" <MFLANAGAN@imf.org>
Dags: 07.02.2009 00:03:15
Til: <bjorn.r.gudmundsson@for.stjr.is>
Efni: Comments on the Draft Amendments to the CBI Act

Bjorn,

As I promised please find attached some comments on the draft CBI Act. I want to emphasize at the outset that we do not want to inject ourselves into the political debate about the Governor. These comments are solely meant as technical comments from experts in the IMF, based on international best practice, about the amendments to the governance arrangements being considered. Please convey these to the government, but be very clear to the government on this point. The comments should be considered confidential advice, and in particular are not for public quotation.

Of course we are very happy to answer any follow-up questions that you might have about these.

Thanks,
Mark.



<<Cmmts_Amends to CBI Law.doc>> Cmmts_Amends to CBI Law.doc



"Flanagan, Mark Joseph"
<MFLANAGAN@imf.org>
09.02.2009 17:41

To <bjorn.r.gudmundsson@for.stjr.is>
cc <ragnhildur.arnljotsdottir@for.stjr.is>
bcc
Subject RE: IMF comments on CBI Law

Raga, Bjorn:

We have great reservations that publishing our technical advice is going to draw us into the debate over the Governor, whereas we were very explicit in the comments that (i) we were not taking a position; and (ii) we did not want these to become public. There is a high risk that we will be quoted out-of-context, or used by the various sides in the debate. And as you are aware, the IMF does not support specific parties or personalities, but rather good policies. We have to work with whomever is in government and whomever is leading the independent agencies.

I discussed with Poul Thomsen. We would be happy to prepare something for public consumption, but this could take a day or two. In the mean time, I would suggest that we could issue a press statement along the lines below:

"The IMF did not send a letter to the authorities in connection to proposed changes to the governance of the Central Bank of Iceland (CBI). At the request of the authorities, the IMF last week provided a brief technical assessment of the proposed changes to the CBI Act, based on international best practices. Given its multilateral expertise, the IMF is frequently approached by member countries to advise on central bank legislation."

I will call to discuss further.

Best,
Mark.



FW: DMSDR1S-#3834047-v1-Iceland_ Comments on CBank legislation.pdf -
Adobe Acrobat Standard
Málsnúmer: FOR09020015
Búið til: 12.02.2009
Eigandi skjals: Björn Rúnar Guðmundsson

Tölvupóstur	Bréfalyklar:
Efni: FW: DMSDR1S-#3834047-v1-Iceland_ Comments on CBank legislation.pdf - Adobe Acrobat Standard	Tilkynningar:
Efnisflokkur skjals: Almenn	
Búið til: 12.02.2009	
Dagsetning skjals: 12.02.2009	
Sendandi	
Netfang: "Flanagan, Mark Joseph" <MFLANAGAN@imf.org>	

Texti:

Frá: "Flanagan, Mark Joseph" <MFLANAGAN@imf.org>
Dags: 12.02.2009 17:52:20
Til: <bjorn.r.gudmundsson@for.stjr.is>, <ragnhildur.arnljotsdottir@for.stjr.is>
Afrit: "Chivakul, Mali" <MChivakul@imf.org>
Efni: FW: DMSDR1S-#3834047-v1-Iceland_ Comments on CBank legislation.pdf - Adobe Acrobat Standard

Raga, Bjorn:

Here are our comments. We give you permission to publish these or give them to parliament, if you so choose. You will notice that we include a disclaimer that they are preliminary. This is because we have not had a chance to discuss them with the technical authorities in Reykjavik. Of course, we remain available to provide additional comments or support as needed.

The earlier comments must remain confidential, as there is more sensitive information therein (including, but not limited to, references to the Safeguards Report).

Again, we apologize for the delays, which reflect the need to assemble a table on international experience (to provide the reader better background), and my absence from the office yesterday.

Best,
Mark.

<<DMSDR1S-#3834047-v1-Iceland_ Comments on CBank legislation.pdf>>



DMSDR1S-#3834047-v1-Iceland_ Comments on CBank legislation.pdf